

Minnisblað vegna fyrirhugaðrar byggðar á Vatnsenda

Dags: 10. mars 2023


Samantekt: Anna Elísabet Ólafsdóttir, sérfræðingur lýðheilsamála

Málsnúmer: 2011714

Lýðheilsa og Barnasáttmáli

Á undanförunum árum hefur vaxið áhugi á lýðheilsumati tengt stefnu og/eða afmörkuðum verkefnum stjórnvalda, en með lýðheilsumati er gerð tilraun til að meta hvaða áhrif aðgerðir stjórnvalda geta eða hafa haft á heilsu og líðan íbúa eða íbúahópa. Það er fagnaðarefni enda er góð heilsa og líðan fólks grundvallar forsenda fyrir sterku og uppbyggilegu samfélagi. Þegar er hafin vinna hjá Kópavogsbæ við að þróa verkfæri og aðferðir til að beita lýðheilsumati. Vinnan byggir á aðferðafræði sem reynst hefur vel á Írlandi þótt hún sé aðlöguð að þörfum okkar samfélags¹.

Í lok febrúar barst beiðni frá skipulagsdeild/skipulagsráði um minnisblað frá lýðheilsufræðingi Kópavogsbæjar varðandi fyrirhugaða byggð á Vatnsenda. Til grundvallar lágu fylgiskjöl undir lið 4 í fundargerð skipulagsráðs þann 20.febrúar 2023. Hér verður stuðst við þá aðferðafræði lýðheilsumats sem er í þróun hjá Kópavogsbæ en miðað við núverandi stöðu byggir hún á nokkrum þáttum samanber mynd 1 hér að neðan.



Mynd 1: Helstu matspættir til grundvallar lýðheilsumats. Verkfærakista í þróun hjá Kópavogsbæ.

Jafnræði:

Jafnræði til heilsu og tækifæra er eitt af grundvallar atriðum lýðheilsu íbúa. Þannig skapar fjölbreytileiki í tegund íbúða í nýju hverfi tækifæri til fjölbreytts mannlífs og sambúðar íbúahópa. Jákvætt er að heimild sé fyrir aukaíbúðum í einbýlum sem gæti, að einhverju leiti, komið til móts við

¹ <https://publichealth.ie/hia-guidance/>

húsnæðisskort og mögulega efnaminni einstaklinga og fjölskyldna. Þá er það fagnaðarefni að gert sé ráð fyrir íbúðakjarna fyrir fatlaða í deiliskipulaginu.

Barnaréttindi:

Kópavogsbær hefur fengið viðurkenningu Unicef sem Barnvænt sveitarfélag² og er þannig annað tveggja sveitarfélaga í landinu sem hefur hlotið þá viðurkenningu. Stefnt er að því að viðhalda þeirri viðurkenningu með markvissum vinnubrögðum er lúta að réttindum barna samkvæmt Barnasáttmálanum, ekki síst með því að uppfylla grunnstoðir Barnasáttmálans sem eru 2., 3., 6. og 12. grein sáttmálans:



Ýmislegt jákvætt er að finna í deiliskipulagi er lýtur að þörfum barna svo sem útivistarsvæði, leikskóli og grunnskóli fyrir yngsta stigið sem vonandi mun jafnframt gera ráð fyrir félagsmiðstöð barna og leiksvæði. Þetta byggir undir 2., 3. og 6. grein Barnasáttmálans. Fulltrúar barna úr aðliggjandi hverfum tóku þátt í vinnustofu þar sem þeim gafst kostur á að koma með hugmyndir fyrir hið nýja hverfi og þar með var byggt undir 12. grein Barnasáttmála.

Lífsgæði og heilsuefning:

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir grænum svæðum og gróðri við hús sem er ekki síst jákvætt fyrir geðheilsu. Í deiliskipulagi og fylgigögnum sem voru til skoðunar var aðeins einu sinni minnst á aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Gera má ráð fyrir stóraukinni þörf fyrir heilbrigðisþjónustu með tilkomu 500 nýrra íbúða. Án þess að það sé nokkurs staðar nefnt er væntanlega gert ráð fyrir að megin þorri íbúa sækji þjónustu hjá Heilsugæslu Urðarhvarfs en spurning er um getu þeirrar heilsugæslu til að taka við nýjum skjólstæðingum. Þess ber þó að geta að íbúar á höfuðborgarsvæðinu geta skráð sig hjá hvaða heilsugæslu sem er á höfuðborgarsvæðinu.

Þjónusta:

Í skipulaginu er gert ráð fyrir verslun og þjónustu í hverfinu. Athuga þarf vel að ekki skapist ónæði fyrir íbúa þar sem húsnæðið fyrir verslun og þjónustu er tengt íbúðahúsnæði. Því þarf að huga vel að hönnun svo sem varðandi hávaða, lykt, umferð og annað sem getur valdið íbúum ónæði.

Mengun og öryggi:

Í fylgigögnum kemur fram að jarðlög séu þétt á svæðinu sem um ræðir og því þurfi að finna leiðir fyrir ofanvatn annað hvort í settjarnir ofanjarðar eða magasín neðanjarðar. Í minnisblaði Eflu um ofanvatnslausnir kemur fram að rannsóknir hafi sýnt að efni í ofanvatni geti innihaldið þungmálma. Þá hafa mælingar Heilbrigðiseftirlitsins sýnt að örverumengun getur verið há í settjörnum. Því er gott að huga að mögulegum mengunarleiðum og viðbrögðum tengt ofanvatnslausnum. Neðanjarðargeymar gætu mögulega hentað betur, að minnsta kosti á einhverjum svæðanna. Loks þarf að huga að dýpt slíkra settjarna með tilliti til slysavarna barna.

² <https://barnvaensveitarfelog.is/>

Samgöngur og umhverfi

Í deiliskipulaginu er einungis gert ráð fyrir einni strætisvagnastöð. Til að styðja við heimsmarkmið 11.2 væri rétt að skoða möguleika á fleiri stöðvum innan hverfisins og gera þannig nýtingu almenningssamgangna fýsilegri. Eftirfarandi kemur fram í umferðagreiningu VSO: "Ekki er að ráða af skipulagsgögnum að hverfinu sé sérstaklega þjónað með almenningssamgöngum. Það má því reikna með nær allir íbúar hverfisins sem náð hafi ökuleyfisaldri fari flestra sinna ferða akandi." Þetta hefur í för með sér auknar líkur á loft- og hljóðmengun auk þess að geta haft neikvæð áhrif á umferðaröryggi barna. Jafnframt segir í minnisblaði VSÓ að umferðarsköpun hverfisins verði hlutfallslega álíka og í aðlægum hverfum og með því mesta sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Þetta væri ekki í samræmi við það sem fram kemur í deiliskipulaginu um að leggja skuli áherslu á breyttar ferðavenjur, góðar almenningssamgöngur, strætó og Borgarlínu samhliða þéttingu byggðar. Því er heppilegt að endurskoða fjölda strætisvagnastöðva innan hins nýja hverfis auk þess að huga vel að hraðahindrandi hönnun og hraðatakörkun á götunni framhjá skólanum. Þá má geta þess að á vinnustofu með börnum kom fram ósk barnanna um að einungis yrðu rafmagnsbílar í hverfinu.

Í deiliskipulaginu er mikið af grænum svæðum sem er jákvætt auk krafna um stakstæð tré í íbúabyggðinni. Þá er stígakerfið gott en athuga ætti hvor ekki þurfi að aðgreinda hjóla og göngustíga. Fram kom á vinnustofu barnanna að þörf sé á góðum hjólastígum, en líka nægum fjölda ruslatunna.

Lokaorð

Almennt virðist deiliskipulagið jákvætt með tilliti til lýðheilsu en hér hafa verið nefnd nokkur atriði til skoðunar með það að markmiði að auka jákvæð áhrif á lýðheilsu og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.